

337. fundur Skólaneftndar FS

31. ágúst 2016



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Böðvar Jónsson, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Páll Orri Pálsson og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Skólameistari setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Afmælisundirbúningur.
 3. Önnur mál.

Formaður og varaformaður skólaneftndar kosnir. Lagt til að Guðbjörg Rut Þórisdóttir verði formaður nefndarinnar; samþykkt samhljóða. Lagt til að Pétur Brynjarsson verði varaformaður; samþykkt samhljóða.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi haustannar en nemendur eru um 1000 sem er svipað og á síðustu haustönn en nýnemar eru 255. Auk þess stunda 127 grunnskólanemendur nám í einstaka áföngum. Skólameistari kynnti einnig skiptingu nemenda eftir námsbrautum. Á önninni var tekin upp ný stokkatafla en þar er stoð að mestu lagt niður og kennslustundir verða 60 mínútur. Í vetur verður boðið upp á sálfræðiþjónustu fyrir nemendur og búið er að semja við Fræðsluskrifstofu Reykjanesbæjar um að veita þá þjónustu í skólanum. Einnig er búið er að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um átak gegn brotthvarfi. Ekkert tilboð barst í rekstur mötuneytis og því mun skólinn reka mötuneytið í vetur. Búið er að ráða starfsfólk og verið er að skipuleggja reksturinn. Skólameistari sagði einnig frá framkvæmdum og breytingum á húsnæði, útboði á rafmagnskaupum og fleiru.

Nýir starfsmenn eru Berglind Ósk Sigurðardóttir, Fanney Sumarliðadóttir, Gísli Freyr Ragnarsson, Hafsteinn Hjartarson, Hermann Jens Ingjaldsson, Jóhanna Helgadóttir, Lovísa H. Larsen og Sigríður Albertsdóttir. Baldur Úlfarsson matreiðslumeistari hefur verið ráðinn yfirmaður mötuneytis og Jóna Guðný Þórhallsdóttir, Kristín Sveinsdóttir, Linda Rós Sveinbjörnsdóttir og Patricia Cerqueira De Jesus hafa einnig verið ráðnar til starfa þar. Daníel Galvez, Hildur Skúladóttir, Hulda Egilsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir verða í leyfi á önninni, Karen Arason verður í veikindaleyfi, Ester Þórhallsdóttir og Ingibjörg Böðvarsdóttir í barneignarleyfi en Einar Trausti Óskarsson og Jóhanna Björnsdóttir koma aftur til starfa eftir leyfi. Guðni Kjartansson, Ellert Smári Kristbergsson og Ingigerður Sæmundsdóttir eru hætt og Aron Elís Árnason og Marín Laufey Davíðsdóttir eru hætt eftir að hafa farið til annarra starfa á síðustu önn.

Bj.
PB
Gör
M. PóP
Ásm.

GU

2. Afmælisundirbúningur.

Skólameistari sagði undirbúningi vegna 40 ára afmælis skólans. Í tilefni afmælisins verður opinn dagur laugardaginn 24. september en þá geta gestir skoðað skólann og auk þess verður dagskrá á sal.

3. Önnur mál.

a) Stjórn nemendafélags hefur óskað eftir styrk til að kaupa myndavélar og annan búnað til að taka upp og vinna myndir og sjónvarpsefni. Skólanefnd samþykkir að skólasjóður veiti styrk til að kaupa búnað sem nemendur hafi aðgang að.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Guðbjörg Kristmundsdóttir




Pétur Brynjarsson



Böðvar Jónsson



Gunnar Valdimarsson



Páll Orri Pálsson



Kristján Asmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari